

## Sjálfsmatskýrsla og umbótaáætlun Árbæjarskóla

skólaárið 2022-2023

Fer í úrvinnslu skólaárið 2023-2024

Þriggja ára matsáætlun fyrir Árbæjarskóla var lögð fram haustið 2018 og náði hún til ársins 2021 og var framlengd út skólaárið 2022-2023 þar sem austurhverfi borgarinnar hóf að þróa nýtt form af matskerfi. Í þessari skýrslu er að finna upplýsingar um hvernig sjálfsmatið var unnið skólaárið 2022-2023, auk þess sem niðurstöður matsins eru ígrundaðar.

Þegar horft er til framkvæmda þá gekk sumt vel en ýmislegt hefði mátt betur fara. Vinna við sjálfsmatið er að stórum hluta á herðum stjórnenda en nýstofnað matsteymi kennara koma einnig að þessum verkefni. Starfsfólk var einnig virkt í að meta niðurstöður s.s. úr Skólapúlsinum, starfsmannakönnun o.fl., og þau verkefni sem tekin voru fyrir voru rædd á fundi.

Í þessari skýrslu verður fyrst gerð grein fyrir verkefnum hvers mánaðar, skv. sjálfsmatsáætluninni, og síðan hvernig verkefnin gengu fyrir sig, staðan metin og hvaða úrbóta er þörf. Í lokin er samantekt á matinu í heild sinni.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Ágúst	<ol style="list-style-type: none"><li>Kynning á matsáætlun</li><li>Útgáfa og lokayfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar</li><li>Útgáfa kennsluáætlana hvers árgangs/hverrar námsgreinar og mat á þeim</li></ol>	<ul style="list-style-type: none"><li>Matsteymi</li><li>Skólastjórnendur</li><li>Kennarar/skólastjórnendur</li></ul>

- Kynning á matsáætlun:** matsáætlunin var kynnt fyrir starfsfólki og einnig skólaráði á haustdögum af skólastjórnendum.
- Útgáfa og lokayfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar.** Hvoru tveggja var gefið út á haustdögum.
- Útgáfa kennsluáætlana:** Kennsluáætlanir voru gefnar út en þær voru ekki rýndar fyrr en seinna á önninni.

### Mat og úrbætur:

- Á næsta skólaári verður unnin ný sjálfsmatsáætlun fyrir Árbæjarskóla. Áætlunin verður lifandi plagg sem þróað verður á næstu þremur árum í samvinnu við Austurmiðstöð og grunnskólana í austurhluta borgarinnar.

- Unnið verður nýtt form af kennsluáætlunum þannig að tekið sé tillit til grunnþátta menntunar, lykilhæfni, leiðsagnarnáms, hæfniviðmiða, stefnu borgarinnar o.s.frv.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
September	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Mat á skólafærni- og lestrarþjálfunarnámskeiði fyrir foreldra</li> <li>2. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (úrtak allt skólaárið)</li> <li>3. Mat á kennslu hefst</li> </ol>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Aðstoðarskólastjóri yngra stigs</li> <li>▪ Deildarstjóri í UT</li> <li>▪ Skólastjórnendur</li> </ul>

1. **Mat á skólafærni og lestrarþjálfunarnámskeiði fyrir foreldra.**

Við vorum ekki með þessi námskeið með þessum hætti en ákveðið var að endurskoða formið. Kennarar héldu fundi með foreldrum. Fundirnir voru vel undirbúnir og var m.a. kynnt: Skipulag skólastarfs, lestrarþjálfun, hlutverk foreldra, frístundastarf o.fl.

2. **Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk.**

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

3. **Mat á kennslu hefst.**

**Mat og úrbætur:**

- Ákveðið var að vera með nýtt form á skólasetningu nemenda í unglingadeild. Ákveðið var að hitta bæði nemendur og foreldra, saman, og fara yfir það helsta sem að þeim snýr s.s. námið, forvarnir o.m.fl.
- Ákveðið var einnig að endurskoða móttöku nemenda á yngsta og miðstigi.
- Mat á kennslu hófst ekki fyrr en á vorönn.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Október	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Mat á stöðu nemenda í tengslum við foreldraviðtöl.</li> <li>2. Mat á líðan nemenda í 3. – 5. bekk o.fl.</li> <li>3. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (úrtak allt skólaárið)</li> <li>4. Skólapúlsinn fyrir 2. – 5. bekk (tekinn einu sinni á ári)</li> <li>5. Niðurstöður Lesferils rýndar</li> </ol>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Umsjónarkennarar</li> <li>▪ Matsteymi/kennarar</li> <li>▪ Deildarstjóri UT</li> <li>▪ Aðstoðarskólastjórar</li> </ul>

1. **Mat á stöðu nemenda í tengslum við foreldraviðtöl.** Útfært af hverjum árgangi fyrir sig.
2. **Mat á líðan nemenda í 3. – 5. bekk o.fl.** Þar sem kólapúlsinn er kominn inn í 2. – 5. bekk þá var ákveðið að nýta þær niðurstöður.
3. **Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk.**  
Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)
4. **Skólapúlsinn fyrir nemendur í 2. – 5. bekk** – lagður fyrir einu sinni á ári
5. **Niðurstöður lesferils rýndar.**  
Niðurstöður lesferils voru rýndar af aðstoðarskólastjórum og umsjónarkennurum hvers árgangs.

#### Mat og úrbætur:

- Kennarar brugðust við í nemenda- og foreldrasamtölunum eins og þyrfti.
- Eftir að niðurstöður lesferils voru rýndar var gripið til viðeigandi ráðstafana varðandi árangur nemenda. Umsjónarkennarar voru sammála um að niðurstöðurnar gæfu mjög góða mynd af stöðu nemenda í lesfimi og að gott væri að styðjast við þær við undirbúning kennslunnar. Niðurstöðurnar eru notaðar markvisst til að auka árangur nemenda og til að gera foreldrum grein fyrir stöðunni. Eftir áramótin var þessu fylgt enn betur eftir.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Nóvember	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Mat á líðan nemenda í 1. – 2. bekk</li> <li>2. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk</li> </ol>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Matsteymi/kennarar</li> <li>▪ Deildarstjóri í UT</li> </ul>

1. **Mat á líðan nemenda í 2-5. bekk.** Ákveðið var að nýta skólapúlsinn, sjá hér fyrir ofan.

#### Það sem gengur vel:

- Í þættinum „ánægja af lestri“ trónir Árbæjarskóli á toppnum, marktækt hærri en sambærilegir skólar og hefur árangur samt batnað.
- Ánægja með skólann, einnig marktækt hærri, trónir þar líka á toppi sambærilegra skóla, hefur samt hækkað.
- Vellíðan í 2. – 5. bekk hefur einnig hækkað og kemur vel út. Aðeins mismunandi eftir árgöngum, mældist hæst í 4. bekk.

#### Það sem þarf að bæta:

Það þarf að viðhalda þessum árangri.

2. **Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk.**

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí).

### Mat og úrbætur:

- Ákveðið var að skoða hvort ætti að hafa skólaþing fyrir allan skólann í nóvember.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Desember	1. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	▪ Deildarstjóri í UT

### 1. Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Janúar	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. <b>Mat á framboði valgreina</b>, samráð við 9. og 10. bekk um valgreinar o.fl.</li> <li>2. <b>Fundir með nemendum í 8. – 10. bekk</b> (hvað þeir eru ánægðir með, hvað má betur fara, hvað getum við gert til að öllum líði vel)</li> <li>3. <b>Samantekt á niðurstöðum nemendakönnunar haustannar</b> (Skólapúlsinum)</li> <li>4. <b>Mat á líðan nemenda í 3. – 5. bekk o.fl.</b></li> <li>5. <b>Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk</b></li> </ol>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ <b>Aðstoðarskólastjóri unglíngad.</b></li> <li>▪ <b>Matsteymi/umsjónarkennarar</b></li> <li>▪ <b>Matsteymi/aðstoðarskólastjórar</b></li> <li>▪ <b>Matsteymi/kennarar</b></li> <li>▪ <b>Deildarstjóri í UT</b></li> </ul>

1. **Mat á framboði valgreina.** Öllum stóð til boða að koma með hugmyndir að valgreinum. Flestar þeirra komu þó frá kennurum sem margir höfðu rætt við nemendur á unglíngastigi. Mjög margar nýjar og fjölbreyttar valgreinar urðu til.
2. **Fundir með nemendum í 8. – 10. bekk.** Ákveðið var að vera með þjóðfund í öllum árgöngum á vorönn og voru niðurstöður kynntar í lok skólaárs. Ekki var búið að vinna úr niðurstöðum þegar þessi skýrsla var unnin.
3. **Samantekt á niðurstöðum nemendakönnunar haustannar** (Skólapúlsinum). Ýmislegt kom í ljós þegar niðurstöður voru rýndar með skólaráði og einnig starfsmannahópnum. Niðurstöður voru ekki teknar saman fyrr en að vori.

## Það sem kom helst í ljós í 6. – 10. bekk:

### Það sem gengur vel

- Kennarar og starfsfólkið eru marktækt betri í að stöðva stríðni og einelti, þessi þáttur hefur þó lækkað aðeins, kemur samt áberandi vel út! Ekki síst í þeim árgangi þar sem eineltið mældist á þessu skólaári.
- Þættir eins og einelti voru að koma „vel“ út þannig að einelti mælist á pari við aðra skóla. Tíðni eineltis er almennt minni en í sambærilegum skólum. Huga þarf áfram sérstaklega að miðstiginu í þessum þáttum. En einelti var t.d. á pari við landið í 7. bekk og mun lægra en landið í 9. og 10. bekk.
- Stjórn á eigin lífi og vellíðan mælist marktækt betri en í öðrum sambærilegum skólum. Sérstaklega í 9. og 10. bekk. .
- Áhugi á stærðfræði er að koma vel út.
- Agi í tímum er góður, marktækt betri en í sambærilegum skólum.
- Ánægja af lestri var að mælast góð en hefur þó lækkað örlítið.
- Áhugi á stærðfræði var að mælast jákvæður en hefur þó lækkað örlítið.
- Mötuneytið kemur vel út úr könnuninni er með mjög hátt skor en hefur þó lækkað frá síðustu könnun.
- Nemendur eru ánægðir með aðgang að efnivið, aðstöðu og tækni (marktækt hærri en í sambærilegum skólum en hefur þó lækkað).

### Það sem þarf að bæta

- Nemendur segjast ekki fá að velja hvernig þeir skila verkefnum, á sérstaklega við 7. og 9. bekk (marktækt lægri en sambærilegir skólar).
- Virk þátttaka nemenda í tímum. Sérstaklega í 9. og 10. bekk.
- Tíðni hreyfingar er marktækt minni en í sambærilegum skólum sérstaklega á unglíngastiginu. Þessi þáttur hefur þó batnað.
- Tíðni leiðsagnarmats er marktækt minni en í sambærilegum skólum. Eflaust þarf að tala meira um það við nemendur, þeir segja að kennarar láti ekki vita eða ræða við þá um hve vel þeim gengur í náminu, aðallega í 9. og 10. bekk. Kom mjög vel út í 6. bekk.
- Samsömun við nemendahópinn mælist minni en hefur verið og þá sérstaklega í 7. og 8. bekk.
- Trú á eigin námsgetu, hún hefur lækkað.

- Of margir sofa minna en 7 tíma á nóttu (á sérstaklega við um 10. bekk, sker sig úr – þessi þáttur hefur samt lagast) þau segjast þó ekki finna fyrir þreytu yfir daginn nema í 8. bekk, alls ekki í 9. og 10. bekk.
- Halda þarf áfram að styrkja miðstigið, nemendur eru í meiri krísu þar en á öðrum stigum.

#### 4. Mat á líðan nemenda í 2. – 5. bekk o.fl.

Eins og áður hefur komið fram var ákveðið að nýta Skólapúlsinn í ár og einnig þjóðfund sem stóð til að halda á vorönninni.

#### Mat og úrbætur:

- Endurskoða þarf fyrirkomulag valgreina í ljósi þess að Borgin hyggst breyta skólabyrjun hjá öllum nemendum í 8. – 10. bekk í skólum, ræða þarf við nemendur í byrjun árs 2024 um breytt fyrirkomulag á kennslu valgreina.
- Vinna þarf sérstaklega með þrautseigju nemenda og trú þeirra á eigin getu.
- Nánari upplýsingar um mat og úrbætur vegna skólapúlsins má sjá aftar í skýrslunni.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Febrúar	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Matsfundur í skólaráði</li> <li>2. Starfsmannakönnun SFS – árlega lögð fyrir</li> <li>3. Sjálfsmat/mat á stöðu nemenda í tengslum við foreldraviðtöl.</li> <li>4. Starfsmannasamtöl (febr.-apríl)</li> <li>5. Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar</li> <li>6. Mat á líðan í 1. – 2. bekk</li> <li>7. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk</li> <li>8. Niðurstöður Lesferils rýndar</li> </ol>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Skólastjóri/aðstoðar.skólast.</li> <li>▪ Umsjónarkennarar</li> <li>▪ Umsjónarkennarar</li> <li>▪ Stjórnendur</li> <li>▪ Deildarstjóri UT</li> <li>▪ Matsteymi/kennarar</li> <li>▪ Deildarstjóri í UT</li> <li>▪ Aðstoðarskólastjórar</li> </ul>

#### 1. Matsfundur í skólaráði

Nemendur komu fyrr á árinu inn á fund í skólaráði og ræddu hvað þeir væru ánægðir með og hvað mætti fara betur. Þeir töldu upp marga þætti sem þeir voru ánægðir með en óskuðu samt eftir nokkrum hlutum eins og t.d. meira úrvali af grænmetisfæði í mötuneytinu og betri aðstöðu

fyrir nemendafélagið. Almennu voru nemendur ánægðir með skólann og í raun mjög margt í skólafarfinu. Illa hefur hins vegar gengið að fá nemendur til að ræða námið á þessum fundum.

#### Nemendur sögðust ánægðir með:

- Nemendur eru ánægðir með matinn.
- Á yngsta og miðstigi finna nemendur mun eftir að símareglan var tekin upp því símarnir trufla nemendur ekki lengur.
- Nemendur á yngsta og miðstigi með ánægðir kennsluna. Kennslan er fjölbreytt og allir fá pláss til að gera mistök og læra af þeim.
- Félagslífið hjá unglingunum gott.

#### Nemendur sögðu að bæta mætti:

- Nemendur á öllum stigum vilja fleiri skemmtilega daga með öllum, svipað og spiladagurinn.
- Vantar fleiri vinsælar bækur á bókasafnið - vantar t.d. fleiri Harry Potter. Vinsælar bækur klárast alltaf og myndast biðröð eftir þeim.
- Vantar meira dót - inni og útidót.
- Vantar eitthvað að gera í frímínútum og götum. Það má benda á A11 því þar má spila og hafa kósý - ábending frá nemanda í skólaráðinu.
- Dömbundin - vantar mjög oft. Rætt við Ásu skólaliða í kjölfar fundar en hún sér um þessi mál.
- Sófa vantar á fleiri róleg svæði. Eftirspurnin gríðarleg.
- Tölvur í 6. bekk. Þæling að fá að taka þær með heim. Verður rætt við Sigurlaugu Jenseyju sem sér um þessi mál.
- Vanta meiri fjölbreytni í ákveðnum greinum í unglingadeildinni, t.d. í stærðfræði. Mætti breyta um umhverfi og svo er alltaf það sama - dæmaskammtur - próf / dæmaskammtur - próf.
- Strætó - skólinn/ Hafa meira samræmi á milli tímasetninga. - Skólaskólastjórar ræddu þá um hvort til greina kæmi að nemendur gætu tekið strætó fyrir sem hentuðu betur tímasetningum í skólanum eða færa skólann til kl. 8:00 á morgnana sem félli vel að tímasetningum strætó. Nokkrar umræður um þessi mál og margar hliðar sem komu fram. Talið barst t.d. að tímasetningum framhaldsskólans.
- Ábending frá nemendum að þeir fái að koma meira að matnum - að ráða hvað er í matinn.

Ákveðin skref voru tekin strax í kjölfar fundarins eins og að funda með kokknum vegna grænmetisréttta.

## 2. Starfsmannakönnun SFS, lögð fyrir annan hvert ár, var gert 2023

Könnunin kom almennt vel út sbr. eftirfarandi:



- Reykjavíkurborg
- Skóla- og frístundasvið
- Grunnskólar
- Árbæjarskóli

#### Það sem kom best úr var m.a. :

- Starfsöryggi
- Mér kemur vel saman við samstarfsfólk mitt.
- Ég get leitað til næsta yfirmanns míns ef ég þar á því að halda.
- Á mínum vinnustað gegnir starfsfólk ábyrgðarstöðum óháð kyni.
- Á mínum vinnustað njóta allir jafnræðis óháð t.d. aldri, kyni, uppruna, kynhneigð, eða trúar eða lífsskoðun.
- Á mínum vinnustað starfar fjölbreyttur hópur einstaklinga (t.d. hvað varðar aldur, kyn, uppruna, kynhneigð eða trúar- eða lífskoðun).

#### Það sem kom lægst út var m.a. (Þessir þættir eru samt á svipuðum stað og aðrir skólar)

- Telur þú vinnuveitenda þinn greiða þér betri, svipuð eða verri laun en þú gætir fengið á öðrum vinnustöðum fyrir sambærilegt starf og vinnutíma.
- Ánægja með launakjör.
- Laun starfsfólks starfsstaðarins eru ákveðin af sanngirni.
- Ég á auðvelt með að taka sumarfrí/önnur frí á þeim tíma sem mér hentar.
- Ánægja með loftgæði.

### 3. Mat á stöðu nemenda í tengslum við foreldraviðtöl.

Þetta var unnið af kennurum en niðurstöðurnar voru ekki teknar saman með formlegum hætti.

### 4. Starfsmannasamtöl (í febrúar – mars )

Starfsmannasamtölin voru á vorönninni og voru tengd mati á kennslustundum. Stjórnendur fóru í heimsókn til allra kennara og skoðuðu og mátu upphaf kennslustunda. Í framhaldi af heimsókninni hittu þeir viðkomandi kennara og ræddu faglega um stundina, hvað gekk vel og hvað hefði mátt betur fara.

### 5. Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar

Könnun á viðhorfum foreldra er gerð annað hvert ár en hún var gerð af Reykjavíkurborg á vorönn 2020 og verður gerð aftur 2024.

### 6. Mat á líðan í 1. – 2. bekk

Var skoðað í Skólápúlsi og síðan einnig á nemendalýðræðisdaginn.

### 7. Skólápúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólápúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)



## 8. Niðurstöður Lesferils rýndar

Niðurstöður lesferils voru rýndar af aðstoðarskólastjórum og umsjónarkennurum hvers árgangs og gripið til viðeigandi ráðstafana.

### Mat og úrbætur:

- Rætt var við matreiðslumeistarann um fjölbreyttari mat fyrir grænmetisætur.
- Ákveðið var að vinna með félagsmiðstöðinni að því að gera betri félagsaðstöðu fyrir unglina í miðrymi skólans.
- Ákveðið var einnig að tengja nemendafélagið við kokkinn – til að fá að hafa áhrif á matinn.
- Mjög mikilvægt er að stofnaður verði matshópur sem rýnir niðurstöður starfsmannakönnunar og heldur fundi með starfsfólki þannig að við bregðumst við niðurstöðum með formlegum hætti og öll saman.
- Eftir að niðurstöður lesferils voru rýndar var gripið til viðeigandi ráðstafana varðandi árangur nemenda. Umsjónarkennarar voru sammála um að niðurstöðurnar gæfu mjög góða mynd af stöðu nemenda í lesfimi og að gott væri að styðjast við þær við undirbúning kennslunnar. Niðurstöðurnar eru notaðar markvisst til að auka árangur nemenda og til að gera foreldrum grein fyrir stöðunni.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Mars	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk</li> <li>2. Niðurstöður rekstrar árið á undan</li> </ol>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Deildarstjóri í UT</li> <li>▪ Fjármálastjóri SFS skilar til skólastjóra</li> </ul>

### 1. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

### 2. Niðurstöður rekstrar árið á undan

Niðurstöður rekstrar voru þannig að skólinn var rétt yfir fjárheimild, skýringuna er fyrst og fremst að finna í óhagstæðum ytri skilyrðum.

### Mat og úrbætur:

- Metnaður er fyrir því að halda fjárhagsáætlun hvers árs en alls ekki að skila afgangi. Markmiðið er að nýta úthlutun í þágu nemenda.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Apríl	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Mat á skólanámskrá og kennsluáætlunum skv. viðmiðum</li> </ol>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Kennarar/stjórnendur</li> </ul> <p style="text-align: center;">Deildarstjóri í UT</p>

	<b>2. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk</b> <b>3. Mat á líðan nemenda í 3. – 5. bekk</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ <b>Aðstoðarskólastjórar</b></li> </ul>
--	---	---

**1. Mat á skólanámskrá og kennsluáætlunum skv. viðmiðum**

Í ljós kom að mikilvægt er að endurskoða form kennsluáætlana þannig að þær stæðust gæðaviðmið MMS.

**2. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk**

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í maí)

**3. Mat á líðan nemenda í 3. – 5. bekk**

Var skoðað með Skólapúlsi og á nemendalýðræðisdaginn.

**Mat og úrbætur:**

- Ákveðið var að endurskoða form kennsluáætlana til að þau stæðust gæðaviðmið MMS.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Maí	<b>1. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk</b> <b>2. Niðurstöður Lesferils rýndar</b> <b>3. Rannsókn og greining, Krakkarnir í hverfinu. Könnun lögð fyrir 8., 9. og 10. bekk</b> <b>4. Íslenska æskulýðsrannsóknin.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ <b>Deildarstjóri í UT</b></li> <li>▪ <b>Aðstoðarskólastjórar</b></li> </ul>

**1. Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk**

Ýmislegt kom í ljós þegar niðurstöður voru rýndar með skólaráði í janúar og einnig með starfsmannahópnum.

**Það sem kom helst í ljós og hélst út vorönnina.**

**Það sem gengur vel**

- Kennarar og starfsfólkið eru marktækt betri í að stöðva stríðni og einelti, þessi þáttur hefur þó lækkað aðeins, kemur samt áberandi vel út! Ekki síst í þeim árgangi þar sem eineltið mældist á þessu skólaári.
- Þættir eins og einelti voru að koma „vel“ út þannig að einelti mælist á pari við aðra skóla. Tíðni eineltis er almennt minni en í sambærilegum skólum. Huga þarf áfram, sérstaklega að miðstiginu, í þessum þáttum. En einelti var t.d. á pari við landið í 7. bekk og mun lægra en landið í 9. og 10. bekk.

- Stjórn á eigin lífi og vellíðan mælist marktækt betri en í öðrum sambærilegum skólum. Sérstaklega í 9. og 10. bekk. .
- Agi í tímum er góður, marktækt betri en í sambærilegum skólum.
- Ánægja af lestri var að mælast góð en hefur þó lækkað örlítið.
- Áhugi á stærðfræði var að mælast jákvæður en hefur þó lækkað örlítið.
- Mötuneytið kemur vel út úr könnuninni er með mjög hátt skor en hefur þó lækkað frá síðustu könnun.
- Nemendur eru ánægðir með aðgang að efnivið, aðstöðu og tækni (marktækt hærri en sambærilegir skólar en hefur þó lækkað).

### Það sem þarf að bæta

- Nemendur segjast ekki fá að velja hvernig þeir skila verkefnum, á sérstaklega við 7. og 9. bekk (marktækt lægri en sambærilegir skólar).
- Virk þátttaka nemenda í tímum. Sérstaklega í 9. og 10. bekk.
- Tíðni hreyfingar er marktækt minni en í sambærilegum skólum sérstaklega á unglíngastiginu. Þessi þáttur hefur þó batnað.
- Tíðni leiðsagnarmats er marktækt minni en í sambærilegum skólum. Eflaust þarf að tala meira um það við nemendur, þeir segja að kennarar láti ekki vita eða ræða við þá um hve vel þeim gengur í náminu, aðallega í 9. og 10. bekk. Kom mjög vel út í 6. bekk.
- Samsömun við nemendahópinn mælist minni en hefur verið og þá sérstaklega í 7. og 8. bekk.
- Trú á eigin námsgetu, hún hefur lækkað.
- Of margir sofa minna en 7 tíma á nóttu (á sérstaklega við um 10. bekk, sker sig úr – þessi þáttur hefur samt lagast) þau segjast þó ekki finna fyrir þreytu yfir daginn nema í 8. bekk, alls ekki í 9. og 10. bekk.
- Halda þarf áfram að styrkja miðstigið, nemendur eru í meiri krísu þar en á öðrum stigum.

### 2. – 5. bekkur samantekt:

#### Það sem gengur vel:

- Í þættinum „ánægja af lestri“ trónir Árbæjarskóli á toppnum, marktækt hærri en sambærilegir skólar og hefur árangur samt batnað.
- Ánægja með skólann, einnig marktækt hærri, trónir þar líka á toppi sambærilegra skóla, hefur samt hækkað.

- Vellíðan í 2. – 5. bekk hefur einnig hækkað og kemur vel út. Aðeins mismunandi eftir árgöngum, mældist hæst í 4. bekk.

**Það sem þarf að bæta:**

Það þarf að viðhalda þessum árangri.

**2. Niðurstöður Lesferils rýndar**

Niðurstöður lesferils voru rýndar af aðstoðarskólastjórum og umsjónarkennurum/ faggreinakennurum hvers árgangs. Sérstaklega var rýnt í framfarir og stöðu nemenda frá hausti til vors.

**3. Rannsókn og greining.** Könnun lögð fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk.

Almennt séð var könnunin að koma vel út. Það sem við höfum helst áhyggjur af út frá niðurstöðum:

- Of mikil samfélagsmiðlanotkun – sérstaklega hjá stúlkum
- Of mikill skjátími
- Eitruð samskipti t.d. á netinu
- Of lítill svefn, sérstaklega hjá þeim sem nota mikið samfélagsmiðla
- Orkudrykkjaneysla
- Andleg vanlíðan

**4. Íslenskar æskulýðsrannsóknir.**

Niðurstöður bærust ekki fyrir skólalok vorið 2023 svo ákveðið var að kynna þær fyrir skólasamfélaginu á haustdögum 2023 og leggja upp aðgerðir.

**Mat og úrbætur:**

- Rýna þarf niðurstöðurnar betur með kennurum, rifja upp á haustdögum og fara í aðgerðir í ljósi niðurstaðna.
- Auka þarf virkni nemenda í kennslustundum með kennurum, á sérstaklega við á unglingastigi.
- Tíðni leiðsagnarnáms er undir væntingum sérstaklega í 9. og 10. bekk.
- Nemendur óska eftir að fá að koma að matseðli eldhússins – tengja þarf nemendaráðið og kokkinn saman, aðstoðarskólastjóri á unglingastigi mun sjá um það.
- Tíðni hreyfingar hefur verið áhyggjuefni en hún er þó að aukast. Ákveðið að lengja íþróttatíma í 8. – 10 bekk. Áfram verða þróaðir hreyfisamningar í unglingadeild fyrir þá sem ekkert mæta í íþróttatíma.
- Ákveðið var að kynna niðurstöður frá Rannsóknum og greiningu og Íslensku æskulýðsrannsókninni á foreldrafundum og nemendafundum haustið 2023.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Júní	1. Yfirferð lögbundinna áætlana	▪ Skólastjórnendur

	<b>2. Samantekt matsteymis um innra mat, skýrsla</b>	<b>▪ Matsteymi/stjórnendur</b>
--	--	--------------------------------

**1. Yfirferð lögbundinna áætlana**

Lögbundnar áætlanir voru uppfærðar haustið 2022 og verða einnig uppfærðar fyrir haustið 2023

**2. Samantekt matsteymis um innra mat, skýrsla**

Um er að ræða þá skýrslu sem hér birtist.

**Mat og úrbætur fyrir skýrsluna í heild sinni, forgangsröðun:**

1. Halda áfram innleiðingu leiðsagnarnáms á öllum skólastigum þar sem lögð er áhersla á ábyrgð nemenda á eigin námi, leiðsagnarmats, virkni nemenda í tímum t.d. með því að nota námsfélaga o.s.frv.
2. Lengja kennslustundir í íþróttum á unglingsstigi.
3. Áhersla á að kynna betur gildi skólans.
4. Fá foreldra með okkur í lið með foreldra og nemendafundum að hausti í 5. – 10. bekk og foreldrafundum í 1.-4. bekk.
5. Hafa nemendur með í ráðum við að ákveða valgreinar.
6. Tengja nemendaráð og kokkinn.
7. Uppfæra forvarnaráætlun fyrir skólann (í ljósi niðurstaðna R og G).
8. Huga áfram að sveigjanlegum vinnutíma fyrir allt starfsfólk

September 2023,  
Guðlaug Sturlaugsdóttir  
Guðrún Erna Þórhallsdóttir  
Þórhildur Þorbergsdóttir